

Fundur í skólaráði þann 3.mars 2016, klukkan 15:00

Mættir voru: Anna Birna Björnsdóttir, fulltrúi starfsmanna, Elinóra Ósk Harðardóttir, fulltrúi foreldra, Fjóla Gísladóttir, fulltrúi grenndarsamfélags, Jóhanna Gyldadóttir, fulltrúi kennara, Rima G. Felixadóttir, fulltrúi kennara og Þorkell Ingimarsson, skólastjóri.

1. Skóladagatal 2016-2017

Skólastjóri upplýsti að dagatalið hafi verið lagt fyrir starfsmannafund og starfsmönnum gefin kostur á að koma með athugasemdir. Farið var yfir dagatalið og það kynnt fyrir ráðinu. Skólastjóri bendir á að hægt er að hnika einstökum dögum til svo sem skreytingardegi og bekkjakvöldum ef þær aðstæður skapast. Rætt er um námsmatsdaga í janúar 2017. Skólastjóri fer yfir hlutverk skólaráðs meðal annars með tilliti til samþykktar á skóladagatali. Fundarmenn samþykkja dagatalið með undirskriftum sínum.

2. Önnur mál

Skólastjóri segir frá náms-og starfskynningarferð nemenda 10. bekkjar til Reykjavíkur með umsjónarkennara sínum. Skólar og vinnustaðir voru heimsóttir í þeirri ferð. Einnig segir hann frá skólahreystikeppninni og ferð nemenda til Reykjavíkur í tengslum við hana. Þrjú kennarar munu fylgja nemendum í þeirri ferð.

Rætt er um árs hátíð skólans en undirbúningur undir hana er í fullum gangi þessa dagana.

Skólastjóri þakkar fundarmönnum fyrir.

Fundi slitið klukkan 15:30

Fundarritari var Jóhanna Gyldadóttir